

**PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM  
I.-HLUTI**

**Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)**

**Eggert Páll Ólason og Stefán A. Svansson**

**Fimmtudagur 9. nóvember 2006 16:00 - 20:00**

*Prófið er 4 blaðsíður með forsíðu*

*Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir*

**Svarist eingöngu í próförk sem er merkt prófnúmeri**

**Prófnúmer \_\_\_\_\_**

## Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)

### 1. Fullyrðingar (40,0%)

Takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga.

#### Athugið eftirfarandi:

- i. Að vægi hvefrrar fullyrðingar er jafnt (2,5%).
- ii. Að dregið er frá 0,75% fyrir hvert rangt svar.
- iii. Ef þið takið ekki afstöðu til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.
- iv. Lesið fullyrðingarnar vandlega yfir áður en svarað er.

1) Ef krafist er ógildingar á samningi er samhliða því unnt að krefjast skaðabóta sem gera aðila eins settan fjárhagslega og ef samningur hefði réttilega verið efndur (efndabóta)?

- Já  
 Nei

2) Ef C fær framselda til sín peningakröfu sem A á á hendur B, getur C krafið B um greiðslu kröfunnar, jafnvel þótt B hafi ekki samþykkt framsal kröfunar.

- Já  
 Nei

3) Verkkaupi ræður til sín verktaka. Verktakinn á að vinna sérstakt verk gegn peningagreiðslu úr hendi verkkaupa. Verktakinn framselur kröfu sína um peningagreiðslu úr hendi verkkaupa til þriðja aðila. Þarf verktakinn enn að vinna verkið?

- Já  
 Nei

4) A skuldar B kr. 100 sem féllu í gjalddaga 1. október 2006. Þegar B krefur A um greiðslu á gjalddaganum lýsir A yfir skuldajöfnuði, þar sem B á hvort eð er að borga A kr. 200 1. janúar næstkomandi. Getur A beitt skuldajöfnuði gegn mótmælum B?

- Já  
 Nei

5) B skuldar A kr. 100. A gerir samkomulag við B um að B þurfi einungis að greiða A kr. 50, og gefur þar með eftir helming kröfunnar. Eftir þessa eftirgjöf á hluta kröfunnar framselur A kröfuna til C, án þess að geta þess að hann hafi gefið eftir helming kröfunnar. Á C rétt á að B greiði honum kröfuna að fullu, þ.e. kr. 100?

- Já  
 Nei

6) A „laumar röngum upplýsingum“ til markaðarins sem hafa áhrif á verð bréfa í félaginu B (markaðsmisnotkun). Þetta leiðir til þess að C kaupir bréf af D í félaginu B á miklu hærra virði en nemur sannvirði bréfanna. Getur C mögulega átt skaðabótakröfu á hendur A vegna þessa?

- Já  
 Nei

7) A gerir B tilboð um að kaupa alla hluti B í félaginu C. B líst vel á tilboð A, og lýsir því yfir við vinnufélaga „að hann ætli að ganga að tilboðinu“. Leiðir yfirlýsing B við vinnufélagann til þess að bindandi samningur sé kominn á milli B og A?

- Já
- Nei

8) A gerir B tilboð um að kaupa alla hluti B í félaginu C. Eftir að A sendir tilboðið, en áður en að B móttækur það, ákveður A að hann vilji eftir allt saman ekki kaupa félagið C. A hringir í B og segir að hann afturkalli tilboð sitt sem hann boðsendi B. Boðsendingin hefur ekki borist B þegar A hringir og lýsir yfir afturköllun tilboðs síns. Eftir að boðsendingin berst B samþykkir B allt að einu tilboð A með áritun á tilboðið. Er kominn á bindandi samningur milli A og B?

- Já
- Nei

9) A selur B félagið C á kr. 100.000.000,-. Í ljós kemur að virði C var á samningsdegi kr. 300.000.000,-. A telur samninginn hafa verið ósanngjarnan. Getur A krafist efndabóta (skaðabóta innan samninga) úr hendi B?

- Já
- Nei

10) A gerir B tilboð um kaup á öllu hlutfé B í félaginu C fyrir kr. 100.000,-. B áritar eftirfarandi samþykki á tilboðið: „Samþykki hér með tilboð þetta, gegn greiðslu að fjárhæð kr. 120.000,-“. Getur A krafist B um bréfin gegn greiðslu að fjárhæð kr. 100.000,- í samræmi við tilboð A?

- Já
- Nei

11) A greiðir B kr. 10.000,-. Í ljós kemur að krafan var fyrnd. Getur A hugsanlega krafist B um endurgreiðslu?

- Já
- Nei

12) A kaupir bíl af B á kr. 2.000.000,-. Í ljós kemur bilun á stýrisbúnaði sem var til staðar þegar kaupin áttu sér stað. Viðgerðarkostnaður reynist kr. 200.000,-. A þarf einnig að leigja sér bíl á meðan á viðgerð stendur. Á A rétt á að fá leiguna bættu úr hendi B?

- Já
- Nei

13) A hættir snögglega störfum hjá B og ræður sig til starfa hjá samkeppnisaðilanum C. B er ósáttur við ráðstöfun A og vill að A vinni út sinn uppsagnarfrest. A neitar. Gæti B hugsanlega unnið dómsmál þar sem hann krefðist þess að A efndi ráðningarsamning sinn samkvæmt orðanna hljóðan (efndir in natura) og starfaði þannig út uppsagnarfrestinn hjá A?

- Já
- Nei

14) A gerir munnlegan samning við B um kaup á félaginu C. A segist hafa gert þennan samning „í hálfkæringi“. B upplifði ekki samtal aðila þannig. Gæti bindandi samningur mögulega talist hafa komist á?

- Já
- Nei

15) A kaupir fasteign af B. Afhendingardráttur verður af hálfu B. A þarf að leiga sér húsnæði á meðan. A fer í dómssmál á hendur B og krefst þess að B verði gert að afsala sér eignina gegn greiðslu kaupverðsins. Gæti A hugsanlega samhliða þessari kröfu um efndir samkvæmt orðanna hljóðan krafist skaðabóta (efndabóta)?

- Já
- Nei

16) Samningar sem ganga gegn almennu siðferði njóta almennt ekki réttarverndar samkvæmt íslenskum rétti.

- Já
- Nei

## 2. Ritgerð (5,0%)

Útskýrðu í stuttu máli eftirfarandi hugtök:

1. Almennur og sérstakur ómöguleiki
2. Skaðabætur innan og utan samninga

## 3. Raunhæft verkefni (25,0%)

A kaupir öll bréf í félaginu B af C. A greiðir fyrir bréfin kr. 100.000.000,-. Í ljós kemur að verðmæti félagsins á kaupsamningsdegi var einungis kr. 40.000.000,-. Í kaupsamningnum var ekki sérstaklega kveðið á um að verð hlutabréfanna endurspeglaði verðmæti félagsins. A er þó mjög ósáttur við sinn hlut og hefur ákveðið að leita réttar síns.

Nefnið réttarúrræði sem A gæti hugsanlega gripið til gagnvart C:

1. Samkvæmt lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, svo og meginreglum samningaréttar.
2. Samkvæmt meginreglum (vanefndaúrræðum) kröfuréttar.

Ekki er nauðsynlegt að vísa til dóma, en slíkt er þó heimilt.